

TEXTÍLFÉLAGIÐ

Tíu ára afmælisýning

Myndlist

Bragi Ásgeirsson


Tíminn liður hratt má með sanni segja, þegar lítið er yfir þróun vefjarlistar á Íslandi. Ekki þykir undirrituðum langt síðan textildeild var stofnuð við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og gekk sú fæðing víst ekki með öllu þjáningalaust. Myndvefnaðardeild var að visu fyrir, en textíl var útvíkkun hugtaksins, þótt stofninn sé nákvæmlega sá sami samkvæmt uppsláttarbókum um myndlist. En hugtakið myndvefnaður fékk yfir sig annars konar merkingu með meiri breidd og nútímalegri aðferðum. En annars er myndvefnaður og vefjarlist í raun réttir þrýðisþýðing á textílum, þar sem vefurinn er ávallt fyrir hendi, á hvaða hátt sem ofið er. En hér er víst komið enn eitt dæmið um hugtakarugling, sem jafnvel hinir vitrustu gera sig seka um.

Hlálegt er, að í MHÍ komst það úr tízku að vera í myndvefnaði, en varð faraldur að vinna í textíl, því að sem fyrr segir er um sömu listgreinina að ræða, en mismunandi aðferðir.

En við hér heima erum ekki ein um þennan hugtakarugling, því að hann er landlægur á Norðurlöndum, svo sem sjá má á sýningum „Textíltíriennalsins“, sem m.a. hefur heimsótt okkur og er ekki einu sinni Triennal, því að hann gengur nær stöðugt um Norðurlönd í formi farandsýningar í stað þess að vera settur upp á einum og sama stað á þriggja ára fresti.

Hinar fjölmörgu hæfileikakonur, er fram hafa komið á Norðurlöndum á undanföllum árum, hafa og marga óvænta stefnu tekið í túlkun sinni á textílsviðinu. Þær hafa um margt splundrað merkingu hinna hefðbundnu tjáningarforma innan myndlistar og þannig farið inn á svið málalistar, lágmynda og skúlptúrlistar, en ennþá hef ég þó ekki séð þær höggva í grjóti undir nafni textíla. Þetta er ekki bein gagnrýni á það, sem hinar ágæt, framsæknu konur eru að gera, en dæmið gengur ekki alveg upp í því að nefna hvaða formtilraunir sem er textíla.

Ekki veit ég um neinn sannan málara, sem hefur ofið í vef eða myndskreytt á efni með aðferð sáldþrykks og nefnt svo málalalist — og myndhöggvara myndi aldrei detta í hug að nefna lágmynd eftir sig né formrænar tilraunir innan



Kristín Jónsdóttir, „Jardar-bók“, 1985, ull-plexigler o.fl.



Steinunn Bergsteinsdóttir, „Peysa og kápa“, 1985.

trefjaglers „textíla“, nei guð hjálpi mér...

Dregið saman í hnotskurn þá hafa bæði málverkið og höggmyndalistin verið fórnardýr margvislegra umbrota á undanföllum tveim áratugum vegna vanmats frumhugtakanna og hugmyndaruglings.

Þetta hefur svo aftur leitt til þess, að gömlu aðferðirnar, svo sem þær voru og hétu, hafa verið hafnar til vega á ný, enda ekki vanþörf á tímum geldrar tæknivæðingar og stöðlunar. Ekta og áþreifanlegir hlutir ásamt lífrænum efnum og hugmyndum er það, sem gildir.


Nákvæmlega hið sama hefur gerzt í listiðnaði hvers konar, að eftir frávik frá hefðbundnum aðferðum hafa þær fengið uppreisn æru. Og þetta gerist ekki á þann veg, að íhaldssöm viðhorf nái und-

menn hættir að baka brauð og nefna það uxahalasúpu.

Á sýningu Textílfélagsins kemur og einmitt fram að gerendurnir eru farnir að vinna meira í hefðbundnum efnum og koma þá sterkari til leiks en nokkru sinni fyrr. Margt er einnig þrýðilega gert hjá þeim konum, sem vinna í skúlptúrformum eða nota tækni málara, og sýningin í heild er sterkasta framlag Textílfélagsins til þessa. Við eigum vefjarlistakonur og hönnuði í myndvefnaði og fatagerð, sem hvarvetna geta haldið nafni þjóðarinnar hátt á lofti. Það sem þarf er að gefa heim miklu fleiri tækifæri til að njóta sín í sínu sérhæfni. Hér er um geysimikla fjármuni að ræða fyrir þjóðarþúið, ef rétt er á málum haldið og ekkert má til spara, svo að íslenskur listiðnaður fái að blómgastr og dafna.

Það, sem ég vil sérstaklega benda á, er að þessi verk á sýningunni fara ekki síður vel í heimahúsum en á opinberum stofnunum, því að þau eru mörg hver gædd seiðmagni og hrifmikilli stemmningu.

Það væri ekki rétt að telja hér upp einstök nöfn og vega og meta einstaklinga, því að það væri efni í



Sigrún Steinþórsdóttir Eggerts, „La Luna“, 1984, lituð juta.

irtökunum, heldur með endurmati og auknu hugviti.

Viðhorfin hafa í stuttu máli tekið þá þróun, að vilji menn nefnast málara, ber þeim að mála, og vilji fólk teljast myndvefara, ber því að vefa eða að myndskreyta ofið efni. Öllum er svo frjálst að vinna í hinum ólíku greinum myndlistar og listiðnaðar, en undir réttu nafni. Við getum notað það svo í líkingamáli, að í sjónlistum eru

aðra grein og ylli hér vafalítið misskilningi.

Mikilvægast er, að sýningin vekir þá athygli, sem hún verðskuldar, því að hér er sist minna fyrirtæki á ferð en t.d. gerð nokkurra kvikmynda.

Sýningunni er vel fyrir komið, sýningarskrá með kynningu allra meðlima Textílfélagsins lofsvert framtak, sem og kynning þeirra á myndbandi.

„Úr mannheimum“

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Þróunarferill myndlistarmanna tekur ídulega á sig hinar furðulegustu myndir og því er það vafasamur verknauður að koma fram með afdráttarlausan framslátt, er þeir fyrst koma fram.

Þannig höfðu ýmsir sett Sigurð Þóri Sigurðsson á ákveðinn bás fyrir margt löngu, er hann hélt sínar fyrstu sýningar. Nú eru þær víst orðnar 15 á einum áratug, flestar í Reykjavík og Kaupmannahöfn þar sem hann nam við Listaháskólann í 4 ár. En einnig hefur hann sýnt úti á landi og í Færeyjum og tekið þátt í fjölda samsýninga, svo sem það jafnan heitir.

Á þessu tímabili má trútt um tala, að um þróun hafi verið að ræða frá hverri einustu sýningu til annarrar svo að listamaðurinn hefur gefið þeim alvísu þulum er settu hann á ákveðinn bás í upphafi langt nef.

Og enn er gerandinn að sækja í sig veðrið og um það er sýning hans í Listmunahúsinu til vitnis. Það er einkum litameðferðin, sem er orðin dýpri og þokkafyllri en einnig eru formin hnitmiðaðri og segja meiri sögu, þ.e. myndræna sögu. Ein myndin á sýningunni, nr. 21, „Hví sefur þú úti með eld yfir mér“, er um margt ótvírætt magnaðasta mynd sýningarinnar og máski það athyglisverðasta, sem komið hefur frá hendi þessa listamanns. Hún er í senn litrænt sem formrænt sannfærandi auk þess að vera ákaflega vel máluð.



Ýmsar aðrar myndir á sýningunni eru magnaðar í lit og segja sögu ákveðinna hughrifa og vil ég hér nefna myndirnar „Hugarflug“ (5), „Í vökudraumi“ (10) og „Við skulum halda hédan“ (34). Allt eru þetta magnaðar myndir er

höfða til skoðandans.

Það er jafnan ánægjulegt að fylgjast með framþróun sem slíkra og ekki efa ég að Sigurður Þórir eigi eftir að dýpka myndsvið sitt í framtíðinni.

Vefir Ásu Ólafsdóttur

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Vefjarlistakonan Ása Ólafsdóttir hefur verið einstaklega virk á vettvangi sínum á undanföllum árum. Hún hefur nær árlega verið með einkasýningu einhvers staðar hér heima og erlendis, um leið og hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga. Á þessu fimm ára tímabili hefu fjöldi opinberra aðila fest sér verk hennar, aðallega í Svíþjóð, þar sem hún var búsett um árabíl.

Ekki eru nema tvö ár síðan hún hélt sýningu með stöllu sinni í Listmunahúsinu, sem athygli vakti og undirritaður fjallaði um hér í blaðinu og nú er hún enn á ferðinni með sýningu í Gallerí Borg. Margt sem ég þá skrifaði gæti ég endurtekið nú, en endurteknir eru býsna hvítleiðar í starfi gagnrýnandans, þótt á stundum séu þær óumflýjanlegar.

Víst er, að Ása Ólafsdóttir er gædd miklum frumkrafti, er hún fær útrás fyrir í fangbrögðum sínum við vef, form og liti. Hún hefur átt það til að hlaða myndir sínar alls konar skreytiförum og sótt föng sín víða að, og þó er það svo, að þegar henni tekst að beisla skreytigleðina nær hún langsamlega kraftmestum árangri. Litum einungis á einföldustu myndir hennar á sýningunni, sem hún útfærir í ull og ull/mohair, sem hefur verið eftirlætisefni hennar hin síðustu ár, þær Skuggi og Lauflétt, sem báðar eru frá 1983. Eftir það getum við virt fyrir okkur stóra einfalda teppið „Þristæða“ 1984–5, ull hör) sem hún hefur unnið fyrir Menntaskólann á Ísafirði fyrir styrk úr Listskreytingarsjóði. Þar er einfaldleikinn enn meiri og hér rís sýningin hæst. Ása á og samskonar verk, en með svoltið breyttu ívafi á sýningu Textílfélagsins í Kjarvalsstöðum. Hér þykir mér hún vera á réttir braut og vissulega fróðlegt að fylgjast með framþróun listakonunnar á næstu árum í ljósi þessara umskipta til einfaldleikans.